

Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings

## Tillaga

**Viðtakandi:** Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings

**Sendandi:** Félagsráðgjafar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings

**Efni tillögu:** Hækkun á tekju- og eignaviðmiðum sérstaks húsnæðisstuðnings

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar, frá 1. október 2021, á

neðangreindum fjárhæðum sem fram koma í 5. gr. reglna Skóla- og Velferðarþjónustu Árneshings um sérstakan húsnæðisstuðning:

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	4.165.730	5.207.163	347.144	433.931
2	5.509.514	6.886.893	459.126	573.908
3	6.450.163	8.062.704	537.514	671.892
4 eða fleiri	6.987.676	8.734.595	582.307	727.883] <sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 1. janúar 2021.

Einnig er lögð til breyting á 3. gr. 6. lið um að samanlagðar eignir umsækjanda og

annarra heimilismanna 18 ára og eldri nemi ekki hærri fjárhæð en 6.186.000 kr. í

lok næstliðins árs. Hækkanir eru til samræmis tekju- og eignaviðmiðum í leiðbeiningum frá

Félagsmálaráðuneyti til sveitarfélaga um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings.

Taka þarf sérstaklega tillit til þess að tekju- og eignamörk hafa ekki hækkað frá 1. janúar 2017 þegar reglur Skóla- og Velferðarþjónustu Árneshings öðluðust gildi.

Til viðmiðunar eru núverandi fjárhæðir skv. gildandi reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings frá 1. janúar 2017.

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	3.373.000	4.216.250	281.083	351.354
2	4.461.064	5.576.330	371.755	464.694
3	5.222.710	6.528.388	435.226	544.032
4 eða fleiri	5.657.936	7.072.420	471.495	589.368

Skv. 3. gr. 6. liðar sömu reglna eru viðmið um samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna 18 ára og eldri 5.126.000 kr. í núgildandi reglum.

#### **Greinargerð:**

Þegar Reglur Skóla- og Velferðarþjónustu Árnesþings um sérstakan húsnæðisstuðning voru gerðar var tekið mið af leiðbeiningum Félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög en ráðuneytið beinir því til sveitarfélaga að taka mið af árlegri hækkun í leiðbeinandi reglum ráðuneytis við endurskoðun eigin reglna um sérstakan húsnæðisstuðning.

Til stóð að fylgja áfram viðmiðum ráðuneytis hvað tekju- og eignaviðmið varðar en láðst hefur að fylgja þessum breytingum eftir og eru reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings því töluvert á skjön við önnur sveitarfélög hvað þetta varðar en tekju og eignaviðmið hafa ekki tekið breytingum frá því reglurnar tóku fyrst gildi 1. janúar 2017.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er veittur á grundvelli 45. gr. laga um félagsþjónustu. Þar kemur fram að sveitarfélög skuli veita sérstakan húsnæðisstuðning í samræmi við nánari reglur sem sveitarstjórn setur á grundvelli leiðbeininga ráðherra um sérstakan húsnæðisstuðning. Jafnframt skulu sveitarfélög veita foreldrum eða forsjáraðilum 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili húsnæðisstuðning. Stuðningurinn skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjármanna og ekki yfir 75% af húsnæðiskostnaði vegna leigunnar.

Almennt fylgja sveitarfélög viðmiðunarfjárhæðum í leiðbeiningum ráðuneytis ár hvert en nokkur sveitarfélög hafa tekið ákvörðun um að hækka fyrrgreind tekjumörk um 8% umfram tekjumörk í leiðbeiningum til sveitarfélaga eða til jafns við hækkun ríkisins á frítekjumarki vegna almennra húsnæðisbóta. Það hafa sveitarfélög gert til að ekki komi til skerðinga hjá þeim sem jafnframt eiga rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi en með því móti munu lífeyrisþegar almannatrygginga njóta

óskertra húsnæðisbóta.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og félagslegra aðstæðna. Þar sem viðmiðunarmök sérstakra húsnæðisbóta hafa ekki hækkað í samræmi við leiðbeinandi reglur ráðuneytis, takmarka þær verulega rétt þessa hóps og eða skerða rétt þeirra að fullu eins og staðan er í dag á þjónustusvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Í reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings er bæði litið til tekju- og eignaviðmiða og félagslegs mats á aðstæðum umsækjenda. Umsækjandi þarf því bæði að uppfylla skilyrði um tekju- og eignaviðmið og vera metin að lágmarki til sex stiga, hvað varðar félagslegar aðstæður, sbr. matsviðsmið í fylgiskjali með reglunum.

Misjafnt er hvort sveitarfélög byggja eingöngu á hlutlægum viðmiðum þ.e. tekju- og eignamörkum eða hvort einstaklingar þurfi einnig að uppfylla ákveðin viðmið hvað varðar félagslegar aðstæður til að eiga rétt.

## **Tillaga**

Lagt er til að Skólaþjónusta – og velferðarnefnd samþykki hækkun tekju- og eignaviðmiða vegna sérstaks húsnæðisstuðnings í samræmi við viðmiðunarfjárhæðir í leiðbeiningum félags- og barnamálaráðherra til sveitarfélaga 21. desember 2021. Breytingin taki gildi frá og með 1. október 2021 og verði endurskoðuð að nýju í upphafi árs þegar ráðuneytið uppfærir viðmiðunarfjárhæðir. Að öðru leyti er lagt til að reglur skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldist óbreyttar.